

V.t. Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Örútbóð nr. 16004 – Chromebook fartölvur

Tilboð í Chromebook fartölvur voru opnuð þann 20. júní s.l. Um er að ræða örútbóð innan hluta 1 í rammasamning 15857 um tölvu- og netbúnað. Örútbóð þetta var framkvæmt í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 um gerð örútbóða innan rammasamninga.

Um er að ræða innkaup til endurnýjunar á eldri búnaði fyrir grunnskóla.

Óskað var eftir tilboðum í 1.100 stykki af Chromebook fartölvum með möguleika á kaupum fyrir allt að 60% viðbótarmagn fyrir lok árs 2024. Kostnaðaráætlun við opnun tilboða miðast við kaup á 1.100 vélum.

Kostnaðaráætlun kaupanda á heildarmagni mögulegra kaupa sem miðast við að kaupandi nýti sér heimild til að kaupa 60% viðbótarmagn er 116.000.000,- án vsk.

Tvö tilboð bárust frá sitthvorum bjóðanda í örútbóð 16004 Chromebook fartölvur en fimm bjóðendur eru aðilar að hluta 1 í rammasamning 15857, og skiluðu þrír aðilar ekki inn tilboðum.

Eftirfarandi eru tilboð þau sem bárust.

Bjóðendur	Gjald miðill	Tengt við	Upphæð án vsk
Tölvulistinn ehf.	ISK	DKK	60.390.000
Opin kerfi hf.	ISK	DKK	60.515.400
<i>Kostnaðaráætlun</i>	<i>ISK</i>		<i>82.500.000</i>

Valforsendur tilboða voru sem hér segir.

Valforsendur	Gildi	Tölvulistinn	Opin Kerfi
Vægi heildartilboðsverðs	88 Stig	88	87,82
Vægi heildartilboðsverðs verkstæðisþjónustu	10 Stig	10	0,87
Gæði	2 Stig	2	1,83
Samtals	100 stig	100	90,52

Kaupandi hefur tilkynnt skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar niðurstöðu sína um töku tilboðs Tölvulistans ehf sem uppfyllir kröfur kaupanda til búnaðar og þjónustu og er hagstæðasta tilboðið sem barst.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur því til að tilboð Tölvulistans ehf verði samþykkt.

Undirritað f.h. Skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Gunnar G. Ingvarsson